



Rannsóknastöðin Rif: auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2018

Rif auglýsir eftir umsóknum frá áhugasömum vísindamönnum, háskólanemum og rannsóknahópum sem vilja nýta aðstöðu rannsóknastöðvarinnar til verkefna á sviði rannsókna og vöktunar

Hvað er Rannsóknastöðin Rif?

- Stöðin er aðili að [INTERACT](#), öflugum samstarfi rannsóknastöðva á norðurlóðum og ein þriggja stöðva innan samstarfsins sem mun hefja innleiðingu og prófun CBMP vöktunaráætlunar CAFF (sjá [caff.is/monitoring](#)).
- Að stöðinni standa sex íslenskar rannsóknastofnanir auk sveitarfélagsins Norðurþings.

Markmið stöðvarinnar er að:

- Efla og auka náttúruvannsóknir og vöktun á Melrakkaslétu byggt á sérstöðu svæðisins
- Safna saman og miðla upplýsingum um náttúruferðir á svæðinu
- Styðja nærsamfélagið, s.s. gegnum fræðslu og stuðning við náttúrutengda ferðamennsku

Hvers vegna rannsóknastöð á Melrakkaslétu?

- Norðurhluti Melrakkaslétu er eina aðgengilega svæðið á láglandi Íslands sem skilgreint er sem heimskautasvæði (Low Arctic) og hentar því afar vel fyrir slíka starfsemi
- Loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins á norðurlóðum gera vöktun og rannsóknir sífellt mikilvægari
- Markmið og áherslur eiga mikla samleið með stefnu og skuldbindingum Íslands í norðurlóðamálum
- Ísland mun gegna forystu í Norðurskautsráðinu (Arctic Council) 2019-2021



Rannsóknatækifæri

Rannsóknastöðin hefur til umráða sérstakt rannsóknasvæði á Rifi – nyrstu jörð Íslands. Náttúra svæðisins býður upp á óþrjótandi möguleika á vöktun og rannsóknum á sviði náttúruvísinda norður við heimskautsbaug, m.a. á:

- gróðri og fuglalífi
- lífi í vötnum frá hafi til heiða
- ströndinni með öllum sínum líffræðilega margbreytileika
- áhrifum hafs á landmótun

Melrakkasléttan og Raufarhöfn er einnig kjörinn vettvangur til rannsókna á samspili manns og náttúru auk byggðapróunar almennt. Þá gefur tenging Rifs við CAFF, CBMP og INTERACT möguleika á alþjóðlegu samstarfi.

Aðstaðan

- Gisti- og eldhúsaðstaða, einfalt rannsóknarými til grunnvinnslu á sýnum og vinnurými með góðu netsambandi. Aðstaðan er staðsett á Raufarhöfn, um 15 km frá rannsóknasvæðinu
- Alla nauðsynlega þjónustu, s.s. banka- og pósthjónustu, heilsugæslu og matvöruverslun, má finna á staðnum.

Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið rif@rifresearch.is

Umsóknareyðublöð má nálgast á vefsíðu Rifs: rifresearch.wordpress.com/eydublod/